

Ed.

483. Frumvarp til laga

[229. mál]

um breyting á lögum nr. 51 26. maí 1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins samkvæmt 8. og 9. gr. laga þessarar er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Lánstími skal að jafnaði vera 5 ár og ársvextir eigi hærri en 10%.

Lán, sem veitt eru einstaklingum eða félögum, skulu tryggð með sjálfskuldar-ábyrgð sveitarfélags eða annarri tryggingu, sem stjórn sjóðsins metur gilda.

Lán til sveitarfélaga skulu tryggð með framlagi til þeirra úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Verði vanskil á láni sveitarfélags, er ráðherra heimilt að inna greiðslu af hendi af jöfnunarsjóðsframlagi til sveitarfélagsins. Sama gildir um vanskil sveitarfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafð um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt lögum Bjargráðasjóðs, er hlutverk búnaðardeildar hans m.a. að veita fjárhagsaðstoð til fóðurkaupa vegna grasbrests af völdum kulda, kals eða óþurrka.

Vegna óþurrkanna á Suðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum síðastliðið sumar varð geysimikil fóðurvöntun hjá bændum í þessum landshlutum. Að áliti nefndar, sem skipuð var til að kanna þessi mál, urðu afföll á fóðri vegna lítilla og lélegra heyja síðastliðið sumar að verðmæli um 850 millj. króna. Nefndin lagði til, að Bjargráðasjóður veitti tilgreindum 70 sveitarfélögum á þessu svæði lán samtals að fjárhæð um 370 millj. króna til 5 ára til að endurlána bændum til fóðurkaupa. Stjórn Bjargráðasjóðs hefur fallist á tillögur nefndarinnar, að því tilskildu að sjóðnum verði aflað fjár til viðbótar eigin ráðstöfunarfé hans, svo að unnt verði að veita þessa aðstoð. Eru líkur til, að sú lánafyrirgreiðsla fáiist. Lánin eða a. m. k. hluta þeirra verður sjóðurinn að endurgreiða á næstu 2 árum. Vextir verða hliðstæðir vöxtum á almennum peningamarkaði. Þessi endurgreiðslukjör munu valda sjóðnum verulega aukinni greiðslubyrði á næstu árum og þar með rýra möguleika hans til að gegna hlutverki sínu, og telur stjórn sjóðsins því óumflýjanlegt, að væntanleg lán verði með vöxtum allt að 10%, en samkvæmt gildandi lögum sjóðsins nr. 51/1972, 10. gr. er ákveðið, að fjárhagsaðstoð sjóðsins sé fólgin í veitingum styrkja og/eða vaxtalausra lána, og er því sjóðnum ekki heimilt að veita lán gegn vöxtum nema þessu ákvæði sé breytt, svo sem í frumvarpi þessu greinir.